

Alþingi
Erindi nr. Þ 142/170
komudagur 3.7.2013



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. júlí 2013
Tilvísun: 2013010124/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, 7. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 27. júní sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, 7. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í 65. gr. frumvarpsins er fjallað um umönnunargreiðslur vegna barna. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að vistun utan heimilis skerði umönnunargreiðslur. Hér telur Barnaverndarstofa að misskilnings gæti varðandi eðli þeirra greiðslna sem reiddar eru af hendi vegna vistunar barna utan heimilis á vegum barnaverndarnefnda.

Í þessu sambandi bendir stofan fyrst og fremst á þau tilvik er barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur til fósturforeldra. Í þeim tilvikum felur barnaverndarnefnd sérstökum fósturforeldrum, sem fengið hafa til þess leyfi til að taka að sér barn í fóstur, umsjá barns í að minnsta kosti þrjú mánuði. Aðstæður sem leitt geta til þess að barni er ráðstafað í fóstur eru t.a.m. þegar foreldri afsalar sér forsjá eða umsjá barns til barnaverndarnefndar, kveðin hefur verið upp úrskurður um heimild til þess að fóstura barn eða foreldrar hafi verið sviptir forsjá barns. Fósturforeldrar taka ýmist við umsjár- eða forsjárskyldum líkt og um foreldra barnsins væri að ræða. Barnaverndarnefnd gerir samning við fósturforeldrana um ráðstöfunina þar sem m.a. er fjallað um hvað skuli vera greitt vegna ráðstöfuninnar, þ.e. framfærslueyri, fósturlaun og annar kostnaður, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Í ákvæði reglugerðarinnar er nánar tilgreint hvaða útgjöldum fósturforeldrum beri að standa straum af með framfærslueyri, þ.e. allur almennur kostnaður sem fylgir því að framfæra barn undir venjulegum kringumstæðum. Þá segir enn fremur að með fósturlaunum sé átt við umönnunarlaun, þ.e. laun fyrir að taka að sér daglega umsjá viðkomandi barns. Gerir barnaverndarkerfið ekki ráð fyrir því að til sérstakra greiðslna komi vegna fötlunar barna eða langvinnra veikinda og eiga umrædd börn áfram rétt á nauðsynlegri þjónustu frá heilbrigðis- og félagsmálayfirvöldum vegna veikinda sinna eða fötlunar.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er það mat Barnaverndarstofu að í þeim tilvikum er talið hefur verið heimilt að greiða framfæranda barns umönnunargreiðslur á grundvelli 65. gr. vegna fötlunar eða langvinnra veikinda sé óeðlilegt að réttur barnsins til þess að umönnunaraðilar fái sérstakar greiðslur vegna veikinda þess eða fötlunar, þ.e. umönnunargreiðslurnar, skerðist af þeim ástæðum að barninu hafi verið ráðstafað í fóstur. Eðlilegra sé að greiðslurnar séu greiddar til þeirra fósturforeldra sem hafa tekið að sér að annast barnið. Með því að skerða umönnunargreiðslur undir þessum kringstæðum er að mati stofunnar gengið þvert á réttindi barnsins til verndar og umönnunar í samræmi við aldur þess og þroska og án mismunar af nokkru tagi eins og þeim er lýst í 1. gr. barnavendarlaga nr. 80/2002, 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, sbr. breytingalög nr. 61/2012 og í lögum

nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Telur Barnaverndarstofa jafnframt að slík skerðing umönnunargreiðslna sé varhugaverð í ljósi jafnræðisreglunnar, sem m.a. er lögfest í 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

